

um skipan opinberra framkvæmda.

(Eftir 3. umr. í Ed., 17. marz.)

Samhljóða þskj. 87 með þessum breytingum:

14. gr. hljóðar svo:

Innkaupastofnun ríkisins annast útboð verka svo og reikningshald og greiðslur vegna verka. Framkvæmdadeild Innkaupastofnunar ríkisins, sbr. 23. gr., undirbýr samningsgerð við verktaka.

Þegar um er að ræða sameiginlega framkvæmd ríkis og sveitarfélags, er sveitarfélagi heimilt að annast útboð, undirbúa samningsgerð við verktaka og annast reikningshald og greiðslur vegna verksins, ef hlutaðeigandi sveitarfélag hefur til þess fullnægjandi aðstöðu að mati samstarfsnefndar um opinberar framkvæmdir, sbr. 22. gr.

Samstarfsnefnd um opinberar framkvæmdir getur áskilið, að sveitarfélag, er sér um útboð vegna framkvæmdar, skuli fá samþykki Innkaupastofnunar ríkisins á útboðslýsingu áður en útboð fer fram.

Þegar framlög til sameiginlegra framkvæmda ríkis og sveitarfélags eru miðuð við ákveðið einingarverð, sbr. II. kafla laga nr. 49/1967 um skólakostnað, annast sveitarfélag útboð og verklega framkvæmd, nema öðruvísi um semjist.

17. gr. hljóðar svo:

Við hvert verk skal framkvæmdadeild Innkaupastofnunar ríkisins ráða einn eða fleiri sérfróða eftirlitsmenn eftir þörfum, er hafi eftirlit með framkvæmd verk-samnings. Eftirlitsmenn skulu samþykktir af eignaraðila eða eignaraðilum sameiginlega, ef um fleiri er að ræða. Í sérstöku erindisbréfi skal kveða á um störf og valdsvið eftirlitsmanna. Skýrslur eftirlitsmanna ber að senda öllum aðilum að framkvæmdum og ríkisendurskoðun. Framkvæmdadeildin ber ábyrgð á störfum eftirlitsmanna gagnvart eignaraðilum.

22. gr. hljóðar svo:

Samstarfsnefnd um opinberar framkvæmdir er fjármálaráðuneytinu til ráðuneytis um fjármálalega framkvæmd laga þessara, sbr. I.—III. kafla. Í nefndinni eiga sæti 3 menn: Formaður fjárveitinganefndar Alþingis eða sérstaklega tilnefndur fulltrúi nefndarinnar, forstöðumaður framkvæmdadeildar Innkaupastofnunar ríkisins og hagsýslustjóri ríkisins, sem er formaður nefndarinnar. Hlutaðeigandi ráðuneyti hafa rétt til að eiga fulltrúa á fundum, þar sem fjallað er um mál, sem eru innan verksviðs þeirra. Þegar nefndin fjallar um sameiginlegar framkvæmdir ríkis og sveitarfélags, á fulltrúi Sambands íslenskra sveitarfélaga rétt á að sitja fundi hennar, nema sveitarfélag óski sjálft að tilnefna fulltrúa til fundarsetu.

Nefndin hefur það hlutverk að leiða saman sjónarmið eignaraðila opinberrar framkvæmdar á undirbúnings- og framkvæmdastigi og rannsaka frumathugun og áætlunargerð, sem eru undanfari verklegar framkvæmdir. Nefndin metur aðstöðu einstakra sveitarfélaga til að annast meðferð opinberrar framkvæmdar, sbr. 2. og 3. mgr. 14. gr., og fylgist að öðru leyti með framkvæmd hinnar fjármálalegu hliðar opinberrar framkvæmdar.

Ef nefndin telur, að óþarfa dráttur sé á afgreiðslu máls, sem sameignaraðili sendir hlutaðeigandi ráðuneyti, skal hún hlutast til um, að úr sé bætt.

23. gr. hljóðar svo:

Þegar eftir gildistöku laga þessara skal koma á fót framkvæmdadeild við Innkaupastofnun ríkisins. Framkvæmdadeildin fer með yfirstjórn verklegar framkvæmdar, sbr. IV. kafla, nema til komi ákvæði 2. og 3. mgr. 21. gr., og hefur auk þess frumkvæði um stöðlun mannvirkja, eftir því sem við getur átt. Framkvæmdadeildin tekur við starfsemi byggingadeildar menntamálaráðuneytisins og bygginga-eftirlits við embætti húsameistara ríkisins.

Heimilt er að fela framkvæmdadeild umsjón með viðhaldi mannvirkja, enda þótt áætlaður kostnaður sé undir þeim talnalegu mörkum, sem getið er í 1. gr.